



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110 023513

Fimmtudagur

20. maí 2010

20. tbl. · 27. árg.



**Vantar þig íbúð
til leigu?**

Hafðu samband!
sími: 456 6600



**Opið frá kl. 11:30 -
23:00 alla daga!**

**Við bjóðum ykkur
hjartanlega velkomin!**

**Faktorshúsið
Hæstakaupstað**



Aldrei farið í jakkaföt

„Ég segi oft við fólk varaðu þig á því hvers þú óskar þér, því ef þú ert sjálfum þér samkvæmur þá verða allir þínir helstu draumar að veruleika,“ segir Rúnar Þór Pétursson, tónlistarmaður í opnuviðtali. Þar fer Rúnar Þór yfir tónlistarferilinn, árin í drykkjunni, fangavist á Litla Hrauni og 25 ára edrúmennsku og segir frá nýrri plötu sem hann er að vinna að ásamt Gylfa Ægissyni og Megasi.

Ljósm: Pjetur Geir.



| Eyrarskáli | Sími 525 7890 |

EIMSKIP

Yfir hafið og heim

Troðfullt hús hjá Borea Adventures

Húsfyllir var hjá Borea Adventures á opnun skrifstofu og vinnuadstöðu fyrirtækisins í Hæstakaupstaðarhúsinu í Aðalstræti á Ísafirði á sunnudag.

„Margir komu að skoða húsnæðið og kynna sér starfsemi fyrirtækisins. Það var troðfullt hús, maður hafði varla undan að hella upp á kaffi. Þetta var mjög fint,“ segir Rúnar Óli Karlsson, annar eigenda Borea Adventures. Um kvöldið var síðan boðið upp á sýningu á kajakmynd sem heitir „Paddle to Seattle“ um ferðalag félaganna Josh Thomas og J. J. Kelley er þeir réru á heimasmiðuðum kajökum 1300 mílur frá Alaska til Seattle. „Þarna var saman kominn góður hópur sem sat við arineld og horfði á bíó,“ segir Rúnar.

Hlutverk hússins verður fyrst og fremst að hýsa búnað fyrirtækisins, starfsfólk og vera aðsetur gesta sem eru að koma í spennandi ferðir um Vestfirði undir vörumerkinu North Explorers. North Explorers er hluti af Borea Adventures sem hefur síðan 2006 staðið fyrir ævintýraferðum á seglskútu um Vestfirði, austur Grænland og Jan Mayen við góðan orðstír. North Explorers mun sjá um allar dagsferðirnar og lengri kajakferðir sem boðið verður upp á í fyrsta skipti í sumar. Rúnar Óli segir að Boreamenn séu nokkuð brattir fyrir sumarið sem liti ágætlega út.

„Við gerum ráð fyrir að það taki tími að koma þessu almennilega af stað en erum ágætlega bjartsýnir á að vertíðin verði



Um kvöldið var sýnd kajakmynd við arineld.

góð. „Áhersla verður lögð á gönguferðir, fjallgöngur og kajakferðir

af ýmsum erfiðleikum. Í nánustu ferðum af ýmsu tagi. framtíð verður bætt við fleiri

– thelma@bb.is



Innritun í Menntaskólann á Ísafirði

Við Menntaskólann á Ísafirði verða eftirtaldir brautir í boði á haustönn 2010 (ef næg þátttaka fæst):

Almenn námsbraut

Félagsfræðabraut

Grunnnám bíliðna

Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina

Grunnnám málmiðngreina

Grunnnám rafiðngreina

Húsasmíðabraut

Náttúrufræðibraut

Sjúkraliðabraut

Starfsbraut

Vélstjórnarbraut A

Einnig er hægt að bæta við nemendum á vélstjórnarbraut B (samsvarar 3. námsári).

Allar umsóknir um nám í dagskóla eru raf-rænar. Sótt er um nám á menntagatt.is. Einnig er hægt að hafa samband við skrifstofu skólans.

Síðasti umsóknardagur eldri nemenda er til 31. maí en grunnskólanema til 11. júní.

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans www.misa.is, eða hjá námsráðgjöfum.

Skólameistari.

Kajakræðarar hittast

Félagar í Sæfara, áhugamannafélagi um sjósport á Ísafirði, stóðu fyrir samkomu kajakræðara í Reykjanesi í Ísafjarðardjúpi um liðna helgi. Var tilefnið árleg samkoma Sæfara þar sem félagarnir gera sér glaðan dag saman fyrir sumarvertíðina. Fá óreyndari kajakmenn kennslu frá þeim reyndari og skiptast menn á sögum og reynslu sín á milli til að bæta kajak kunnáttuna. Hátt í 50 þátttakendur af öllu landinu voru á vorsamkomunni og þykir sú mæting vera með besta móti.

Meðal kennara var hin bandaríska Helen Wilson en hún er heimsmeistari í veltuæfingum á grænenskum kajökum. Þrátt fyrir að veðrið hefði mátt vera betra voru Sæfaramenn sam-mála um að hittingurinn hafi heppnast mjög vel og aðstæður hefðu verið frábærar. Sæfari heldur árlega tvær samkomur, eina að vori og eina að hausti.



Hátt í 50 kajakræðarar af öllu landinu gerðu sér glaðan dag saman í Reykjanesi.

Hættir sem forstöðumaður Markaðsstofu Vestfjarða

Jón Páll Hreinsson lætur af störfum sem forstöðumaður Markaðsstofu Vestfjarða þann 1. júlí. Þess í stað hyggst hann stofna ráðgjafafyrirtæki á Ísafirði. „Brotthvarf mitt úr störfum er í fullri sátt við stjórn markaðsstofunnar og skil ég sáttur við mín störf í þágu ferðapjónustunnar á Vestfjörðum. Starf nýs forstöðumanns verður auglýst í helstu fjölmiðlum nú um helgina,“ segir í tilkynningu frá Jóni

Páli. Hann segist hafa verið heppinn í störfum sínum sem forstöðumaður MV og unnið með fjölda hæfileikaríks fólks í vestfirskri ferðapjónustu og öðlast ómetanlega reynslu og þekkingu á þessum fjórum árum sem hann hefur starfað í Markaðsstofu Vestfjarða.

Í yfirlýsingu frá Jóni Páli segir: „Þessi fjögur ár hafa verið viðburðarík og hef ég séð ferðapjónustuna Á Vestfjörðum vaxa og

dafna. Komum ferðamanna hefur fjölgað mikið á undanföllum árum og hlutur Vestfjarða í ferðapjónustu á Íslandi hefur aukist hlutfallslega mest miðað við aðra landshluta. Ég skil sáttur við störf mín í Markaðsstofunni og óska ferðapjónustu á Vestfjörðum alls hins besta, enda er ég þess fullviss þess að mikilvægi hennar í atvinnu- og efnahagslífi Vestfjarða muni aukast á komandi árum, öllum íbúum þess til hagsbóta.



Íslenskir Tómatar í nýjum umbúðum

Nú hafa íslenskir tómatabændur pakkað afurðum sínum í nýjar, endurvinnanlegar umbúðir sem hafa að geyma upplýsingar um tegund og ræktendur ásamt uppskriftum og ýmsum fróðleik. Með þessu vilja íslenskir tómatabændur tryggja að neytendur séu fróðari um tómata, hollustu þeirra og uppruna.



Konfektótómatar
eru mjög bragðgóðir, sætir og mildir. Þeir eru minni en hefðbundnir tómatar en stærri og kjötmeiri en kirsuberjatómatar. Konfektótómatar sem og aðrir tómatar eru einnig hollt og gott snakk.



Kirsuberjatómatar
eru smávaxnir, bragðmiklir og sætir. Þeir henta mjög vel til að bragðbæta og skerpa salöt. Upphaflega voru tómatarir mun minni en þeir eru í dag eða á stærð við kirsuber og þaðan er nafnið komið.



Heilsutómatar
innihalda þrefalt meira magn af lýkópeni sem er í flokki karótínóíða. Það gefur tómötum rauða litinn og er einnig öflugt andoxunarefni. Heilsutómatar eru ræktaðir bæði stórir og smáir.



Plómutómatar
einkennast af góðu, kröftugu bragði. Þeir eru kjötmiklir og henta því vel í salöt, sem álegg og í hvers konar matreiðslu. Lögum plómutómata gerir þá enn fremur frábrugðna öðrum tómötum í útliti.



Íslenskir tómatar
eru einstaklega bragðgóðir og spila stórt og mikilvægt hlutverk í hvers konar matargerð. Bragðgæði allra íslenskra tómata eru m.a. tilkomin af því að þeir fá að fullþroskast á plöntunni.



Endurvinnanlegar umbúðir





Kristján Kristjánsson.

Hættir hjá HG eftir 38 ár

Kristján Kristjánsson, vélstjóri hjá Hraðfrystihúsinu Gunnvöru hf., í Hnífsdal lét af störfum á laugar- dag eftir tæplega fjögurra áratuga langt starf. Hann byrjaði hjá Hraðfrystihúsinu árið 1972. Aðspurður segir Kristján það leggjast vel í sig að hætta. „Ég væri ekki að hætta nema að það legðist vel í mig.“

Spurður að því hvernig vinnufélagarnir taka í það að missa samstarfsfélaga sinn til svo margra ára segir Kristján: „Þeir fagna bara,“ og hlær dátt.



Hljómsveitin Reykjavík! í Grunnskólanum.

Reykjavík! kynnir rokkið

Hljómsveitin Reykjavík! var stödd á Ísafirði í síðustu viku og heimsótti þá m.a. grunnskóla á svæðinu og kynnti nemendum fyrir því að vera í rokkhljómsveit. Hljómsveitin fékk styrk frá Menningarráði Vestfjarða til verkefnisins en ætlunin er að heimsækja skóla á Vestfjörðum nú og síðan aftur í haust. Kristján Freyr Halldórsson, trommari sveitarinnar segir tilgang verkefnisins m.a. vera að vekja áhuga hjá krökkum á því að vera í hljómsveit og spjalla við nemendur um allt milli himins og jarðar.

Hljómsveitin ákvað að nýta ferðina vestur í þetta verkefni en hún var í vikunni við upptökur á nýjum sumarsmelli ásamt Mugison.

Hljómsveitin er skipuð þeim Hauki Magnússyni, Guðmundi Birgi Halldórssyni, Ásgeiri Sigurðssyni og Valdimar Jóhannssyni, Hnífsdælingnum Kristjáni Frey Halldórssyni og Bóasi Hallgrímssyni.

Innkalla allar tölvur í eigu skólans

Breytingar verða gerðar á upplýsingaþjónustu Menntaskólans á Ísafirði fyrir árið 2011-2012. Á fundi skólanefndar á dögunum fór Jón Reynir Sigurvinsson, skólameistari yfir stöðu mála og greindi frá því að ekki væri hægt að bjóða upp á óbreytta þjónustu til framtíðar vegna mikils kostnaðar. Allar tölvur í eigu skólans verða því innkallaðar í vor og eftir það eingöngu notaðar innan skólans. Einnig verður stuðst við gjaldfrjáls forrit í stað Microsoft Office.

Vegna þessara breytinga lagði skólameistari til að breytingar verði gerðar á gjaldskrá skólans þannig að leigu- og þjónustugjöld fyrir fartölvur að upphæð 12.000 krónur falli niður og í stað þess bætist 6000 krónur við þjónustugjöld. Skólanefnd samþykkti tillögu skólameistara en fulltrúi nemenda lagði áherslu á að gjöld sem skólinn innheimti verði sundurliðuð með skýrum hætti á innheimtuseðli.



Menntaskólinn á Ísafirði.



Við undirskrift flugslysaáætlunarinnar; Arnór Magnússon umdæmisstjóri Flugstöða á Vestfjörðum og Kristín Völundardóttir lögreglustjóri á Vestfjörðum innsigla undirskriftina með handabandi í viðurvist Halldórs Halldórssonar bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, Ónundar Jónssonar yfirlögregluþjóns á Vestfjörðum, Jónasar Sigurðssonar aðstoðaryfirlögregluþjóns á Vestfjörðum og Þorbjörns J. Sveinssonar slökkviliðsstjóra.

Ný flugslysaáætlun undirrituð

Ný og endurbætt flugslysaáætlun fyrir Ísafjarðarflugvöll var undirrituð fyrir stuttu. Áætlunin segir fyrir um skipulag og stjórnun aðgerða í kjölfar flugslyss á eða við Ísafjarðarflugvöll. Hún er unnin af almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og ISAVIA í samvinnu við almannavarnanefnd Ísafjarðar. Allir viðbragðsaðilar eru hafðir með í ráð-

um við gerð áætlunarinnar. Markmið áætlunarinnar eru að tryggja skipulögð viðbrögð við flugslysum á eða við Ísafjarðarflugvöll og að þolendum flugslyss berist öll nauðsynleg aðstoð á sem skemmstum tíma.

Flugslysaáætlunin er til leiðbeiningar um fyrstu viðbrögð en felur ekki í sér endanleg fyrir- mæli. Þannig getur lögreglustjóri

ákveðið breytta starfstílhögun með tilliti til ástands og aðstæðna hverju sinni. Lögreglustjórinn á Vestfjörðum, í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjórans og ISAVIA, ber ábyrgð á virkni áætlunarinnar og þessir aðilar vinna saman að uppfærslum og lagfæringum á henni. Áætlunin skal uppfærð á a.m.k. þriggja ára fresti en boðunarlista

hjá Neyðarlinnunni skal uppfæra eins oft og þörf krefur.

Á sama hátt skal lögreglustjórinn á Vestfjörðum, í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjórans og ISAVIA, beita sér fyrir því að allir þættir áætlunarinnar séu æfðir að minnsta kosti á fimm ára fresti. Einnig skal hann stuðla að reglubundnum æfingum einstakra verkþátta.

Fangelsi fyrir ítrekuð kynferðisbrot

Karlmaður hefur verið sakfelldur í Héraðsdómi Vestfjarða fyrir kynferðisbrot gegn stúlkubarni og vörslu barnakláms. Manninum var gert að sök að hafa tekið kynferðislegar ljósmyndir af stúlkunni fáklæddri þegar hún var 8 ára og 10 ára, fyrir að hafa nokkur skipti þegar stúlkan var 9 ára, lagst ofan á hana og kysst hana, káfað á utanverðum kynfærum hennar utan

klæða, látið stúlkuna snerta kynfæri sín og í eitt skipti afklætt sig fyrir framan stúlkuna. Að auki fyrir að hafa í minnsta kosti í tvö skipti þegar stúlkan var 9 ára haldið stúlkunni nauðugri í bifreið með því að binda hana fasta með ól á úlnliðum við handfang í bílnum og neytt hana til að þola káf á utanverðum kynfærum innan klæða og reynt að klæða hana úr fötum og kyssa hana.

Þá var hann einnig sakaður fyrir að hafa látið stúlkuna afklæðast þegar hún var 10 ára, sleikt kynfæri hennar, klof og maga, kysst hana tungukossi á munn, strokið henni og sett fingurinn í kynfæri hennar og jafnframt tekið upp hreyfimynd af þessum kynferðisathöfnum. Við húsleit í maí 2009 fundust í fórum sínum 289 barnaklámsmyndir.

Maðurinn var sakfelldur fyrir

ítrekuð og gróf kynferðisbrot gegn ungu stúlkubarni. Með brotnum brást hann trúnaði stúlkunnar og nýtti sér það að hún var að honum hænd. Í dómsorði segir að ákærði eig sér engar málsbætur. Var hann dæmdur í fangelsi í tvö ár og sex mánuði. Þá var honum gert að greiða stúlkunni 1.300.000 krónur í miskabætur. Jafnframt var honum gert að greiða sakarkostnað.

N1

NÝ VERSLUN OPNAR Á ÍSAFIRÐI

OPNUNARHÁTÍÐ
FIMMTUDAGINN 20. MAÍ
MILLI KLUKKAN 14 - 17

Fimmtudaginn 20. maí milli klukkan 14:00-17:00 opnar formlega ný og glæsileg N1 verslun að Sindragötu 6, Ísafirði. Fjölmörg frábær tilboð og frí pylsa og kók í tilefni dagsins. Meðlimir mótörhjólafélagsins Púkanna mæta á svæðið og bjóða yngsta fólkinu í stutta ökuferð. Komdu við og gerðu þér glaðan dag með okkur.

Allir hjartanlega velkomnir!

NITRO

**NÍTRÓ SÝNIR
NÝJUSTU HJÓLIN!**

**Kawasaki**

**FRÍ
PYLSA OG
KÓK**



N1 VERSLUN, SINDRAGÖTU 6, ÍSAFIRÐI

WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000

Meira í leiðinni


Ótvírætt gildi héraðsblaða í sveitarstjórnarkosningum

Staðbundin fréttablöð eru sá fjölmiðill sem frambjóðendur hyggjast nota mest í komandi kosningabaráttu til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við kjósendur fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í lok mánaðarins. Facebook er hins vegar að sá miðill sem næstur kemur og er greinilegt að frambjóðendur hafa verið fljótir að tileinka sér þennan nýja miðil sem ekki hefur áður komið við sögu í byggðakosningum á Íslandi. Þetta kemur fram í nýrri könnun fjölmiðla- brautar Háskólans á Akureyri, sem greint var frá á ráðstefnu um þjóðfélagsfræði á Bifröst fyrir stuttu.

Birgir Guðmundsson dósent við HA og nemandi hans, Ás- laugu Karen Jóhannsdóttur, gerðu könnun meðal frambjóð-

enda í 10 sveitarfélögum vítt um landið þar sem m.a. var spurt um fjölmiðlanotkun frambjóðenda og viðhorf þeirra til fjölmiðla. „Annars vegar sýnir þetta ótvírætt hversu mikilvægt lýðræðis- hlutverk héraðsfréttablaðanna á Íslandi er og að þau eru mikil- vægur stólpi í samræðu og sam- heldni staðbundinna samfélaga. Hins vegar sýnir þetta okkur að stjórnámálamenn hinna hefð- bundnu stjórnmála, sveitarstjórn- armenn í þessu tilfelli, hafa ekki síður en byltingarmenn búsáhal- anna tileinkað sér með hraði möguleikana sem skapast hafa með nýrri fjölmiðlatækni,“ segir Birgir Guðmundsson.

Rúm 76% frambjóðenda sögð- ust ætla að nýta sér „mikið eða mjög mikið“ möguleikann á að skrifa greinar í staðbundin fréttab- löð og er þetta sú fjölmiðlagátt sem frambjóðendur hyggjast nýta sér mest. Þegar frambjóð- endur voru spurðir hvaða fjöl- miðlaleiðir þeir teldu að flokkur- inn (kosningaskrifstofan þeirra) myndi nota var það sama uppi á teningnum, en um 82% fram- bjóðenda taldi að flokkurinn myndi beita sér fyrir skrifum í staðbundin fréttablöð. Athygli



vekur að rúm 40% frambjóðenda hugðust sjálfir taka þátt í að aug- lýsa í staðbundnum fréttablöðum og rúm 66% þeirra taldi að flokk- urinn myndi gera slíkt.

Þegar kemur að rafrænni fjöl- miðlun skorar facebook sem fyrr segir mjög hátt. Tæplega 68% frambjóðenda hyggjast nota face-

book mikið eða mjög mikið í kosningabaráttunni og um 80% frambjóðenda segja að flokkur- inn eða kosningaskrifstofan muni nota þann miðil mikið eða mjög mikið. Þá er tölvupóstur einnig mikið notaður til að koma skila- boðum á framfæri (fjölpostur) en tæp 63% frambjóðenda hyggst

nýta sér þann kost en um 84% frambjóðenda segja að flokkur- inn muni nýta sér þessa leið.

Athygli vekur að samskipta- vefurinn twitter virðist ekki hafa náð fótfestu meðal frambjóðenda enn og eins virðast frambjóð- endur ekki búast við mjög stórum hlut auglýsinga íaráttunni.

Spurningin

Hvert eftirtalinna fram- boða í Ísafjarðarbæ fær atkvæði þitt í komandi kosningum?

Alls svöruðu 688.
B-listi Framsóknarflokks sögðu 78 eða 11%
D-listi Sjálfstæðisflokks sögðu 211 eða 31%
I-listi Samfylkingar, Vinstri grænna, Frjáls- lyndra og óháðra sögðu 222 eða 32%
K-listi Kammónista sögðu 177 eða 26%

Netspurningin er birt viku- lega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Hæg breytileg átt, skýjað að mestu og úrkumulítið. Hiti 7 til 15 stig. **Horfur á laugardag:** Útlit fyrir vestlæga eða breytilega átt. Yfirleitt þurr á landinu og bjart með köflum. Áfram fremur hlýtt í veðri. **Horfur á sunnudag:** Útlit fyrir vestlæga eða breytilega átt. Yfirleitt þurr á landinu og bjart með köflum. Áfram fremur hlýtt í veðri.

Ritstjórnargrein

Hvað dvelur?

Síðla árs 2006 lá fyrir staðfesting heilbrigðisráðuneytisins um bygg- ingu hjúkrunarrýma í Ísafjarðarbæ á næstu fjórum árum. Arið eftir virtist sem áhugi stjórnvalda hefði dvínað: „Við liðum fyrir að hafa enga biðlista,“ voru orð forstöðumanns Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Margrétar Geirsdóttur. Á árinu 2008 var kunngerð skýrsla Margrétar og Sæðisar Mariu Jónatansdóttur, fulltrúa, um öldrunarmál þar sem fram kom að nær 40 einstaklingar væru í brýnni þörf fyrir búsetu á hjúkrunarheimilum í Ísafjarðarbæ. Þá sagði þar meðal annars: „Hjúkrunarrými inni á Heilbrigðisstofnuninni er engan veginn ásætlanlegt úrræði fyrir einstaklinga sem eru í brýnni þörf fyrir hjúkrunarheimili. Það er úr takti við nútíma viðhorf til persónu- réttar að á sjúkrastofnun séu skilgreind hjúkrunarrými.“

Í áætluninni frá 2006 var gert ráð fyrir 10 hjúkrunarrýmum. Auðséð var að það leysti ekki vandann. Í síðari tíma áætlun félagsmálaráðuneyt- isins var hins vegar gert ráð fyrir nýbyggingu með 30 hjúkrunarrýmum.

Annríki félagsmálaráðherra skal ekki dregið í efa. Undanfarnar vikur hefur hann þó haft tíma til að undirrita framkvæmdasaminga um byggingu hjúkrunarrýma við hvert sveitarfélagið á fætur öðru. Fjármögnun þeirra verka virðist ekki lengur sá þröskuldur sem verið hefur. Kemur það til af breyttum lánareglum Íbúðalánasjóðs, sem heimila nú lán fyrir öllum byggingakostnaði hjúkrunarheimila. Láns-

tíminn er 40 ár. 85% hlutdeild ríkisins greiðist síðan í formi leigu á lánstímanum. 15% byggingarkostnaðar, lóð, hönnun og umsjón mun vera á vegum viðkomandi sveitarfélags.

Hvernig sem á því stendur virðist Ísafjarðarbær ekki lengur inni í myndinni. Guðmundur Steingrímsson, alþm., spurðist því fyrir á Alþingi hverju sætti að Ísafjörður væri ekki með í áætlun ráðherrans um fjölgun hjúkrunarrýma á næstu árum. „Árni Páll sagði ekki rétt að Ísafjörður væri ekki inni í áætluninni. Hann sé á sama stað og áður og gert ráð fyrir þrjátíu rýmum. Hins vegar verði farið yfir þörfina og sé hún sú sama, ætti að vera hægt að fara í framkvæmir á næsta ári.“ Þá mun ráðherra hafa haft þann fyrirvara á orðum sínum að „fjármunir (séu) til rekstur.“ (mbl.is 230510)

BB spyr: Hefur eitthvað breyst hvað þörfina varðar frá því sem fram kom í skýrslu Margrétar og Sæðisar Mariu? Hver er forsenda efasemda ráðherrans um að þörfin sé ekki sú sama og áður var? Dregur hann í efa getu bæjarfélagsins til að takast á við verkefnið þrátt fyrir aðkomu Íbúðalánasjóð?

BB efast ekki um vilja og samstöðu innan bæjarstjórnar til að bæta úr því ófremdar ástandi sem felst í því að vista aldrað fólki á sjúkra- stofnun. Það er, eins og á hefur verið bent, með öllu óásættanlegt.

Málsaðilar verða að svara: Hvað dvelur?

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgoðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is, Kristján Einarsson, símar 456 4560 og 848 3403, kristjan@bb.is. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**



FERMING



Eigulegar gjafir



Tilboð

19.328 kr.

24.161 kr.
Dealer
fermingarstóllinn
frá Pennanum



Töskur

Mikið úrval



Orðabækur

Mikið úrval

- FERMINGARSTÓLLINN
- PENNASETT
- MYNDAVÉLAR
- TÖSKUR
- ORÐABÆKUR
- FERMINGARKORT
- TÖLVUORÐABÆKUR
- GJAFAKORT

Eymundsson.is

Skiptimiðinn
Eymundsson

Eymundsson

Bóksali frá 1872

Tryggja skal þátttöku heimamanna

Þingsályktunartillaga hefur verið lögð fyrir Alþingi sem á að tryggja beina þátttöku fulltrúa sveitarfélaga og starfsmanna heilbrigðisstofnana í skipulagningu og stjórnun heilbrigðisþjónustu á þjónustusvæði viðkomandi heilbrigðisstofnunar. Markmiðið með frumvarpinu verði að auka íbúa- og atvinnulýðræði og að sjónarmið og óskir heimamanna og starfsmanna heilbrigðisstofnana ráði meiru en nú er þegar heilbrigðisþjónusta er

skipulögð og þjónustu forgangsraðað. „Með tillögu þessari ályktar Alþingi að fela heilbrigðisráðherra að undirbúa og leggja fram á næsta þingi lagafrumvarp þess efnis að fulltrúar sveitarstjórna og starfsmenn heilbrigðisstofnana komi með beinum hætti að skipulagningu þjónustu hjá viðkomandi heilbrigðisstofnun með skipan stjórnar sem hefði það hlutverk að hafa eftirlit með rekstri heilbrigðisstofnana og vera ráðgefandi varðandi skipu-

lag og þjónustu stofnunarinnar,“ segir í þingsályktunartillögunni en fyrsti flutningsmaður hennar er Ásmundur Daðason í Norð-vesturkjördæmi.

Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu er landinu skipt í heilbrigðisumdæmi þar sem starfa skal heilbrigðisstofnun eða heilbrigðisstofnanir. Markar ráðherra stefnu um heilbrigðisþjónustu á grundvelli laganna en forstjórar heilbrigðisstofnana eru skipaðir af ráðherra til fimm ára í senn og bera þeir ábyrgð á þeirri þjónustu sem stofnunin veitir og að rekstrarafkoma og rekstrarútgjöld stofnunar séu í samræmi við fjárlög. Í lögunum er hvergi að finna ákvæði sem veitir fulltrúum sveitarfélaga í viðkomandi heilbrigðisumdæmi eða almenn-

um starfsmönnum heilbrigðisstofnana aðkomu að skipulagningu heilbrigðisþjónustunnar.

„Með því að í stjórnun heilbrigðisstofnana sitji fulltrúar sveitarfélaga og starfsmanna stofnanna mun hvort tveggja íbúalýðræði og atvinnulýðræði aukast. Með auknum tengslum við þau sveitarfélög sem heilbrigðisstofnun þjónustar tækist betur að samhæfa starfsemi heilbrigðisstofnunarinnar og áherslur í störfum sveitarfélaganna, svo sem í átaks- og kynningarverkefnum, til að mynda í skólum. Er það mikilvægt á tímum sem þessum þar sem huga þarf sérstaklega að heilsu barna og áhrifum kreppunnar á heilsufar þeirra,“ segir í þingsályktunartillögunni. „Enn fremur hefur gefist vel að starfs-

fólk eigi aðild að stjórnun enda getur reynsla þess og nálægð við íbúa verið mikilvæg þegar kemur að skipulagningu heilbrigðisþjónustu. Að auka íbúa- og atvinnulýðræði með þessum hætti er mikilvægt skref til að styrkja stöðu heilsugæslunnar og auka nærþjónustu innan heilbrigðiskerfisins en eitt af áherslumálum hjá sveitarstjórnun og heilbrigðisstofnunum um allt land hefur verið að standa vörð um heilsugæsluna. Komi heimamenn og starfsmenn að skipulagningu þjónustunnar mun þörfum sjúklunga á viðkomandi svæði frekar vera mætt. Það festir betur í sessi að almenn heilbrigðisþjónusta sé veitt í heimabyggð og að heilsugæslan sé að jafnaði fyrsti viðkomustaður sjúklunga.“



ÍSAFJARÐARBÆR

AUGLÝSING UM DEILISKIPULAG – ATLASTAÐIR OG GEIRMUNDARSTAÐIR, FLJÓTAVÍK, ÍSAFJARÐARBÆ

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi fyrir Atlastaði og Geirmundarstaði í Fljótavík í Ísafjarðarbæ, skv. 25. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagstillagan tekur til frístundabyggðar á jörðunum Atlastaðir og Geirmundarstaðir í Fljótavík. Þar eru skilgreindar lóðir fyrir frístundahús og virkjun Bæjarár. Skipulagssvæðið er 55ha og nær yfir þann hluta jarðanna sem byggðin er á. Deiliskipulagið felur jafnframt í sér endurskoðun á gildandi deiliskipulagi fyrir jörðina Geirmundarstaði í Fljótavík, samþykkt 20. nóv. 2008, sem fellur úr gildi við gildistöku þessa skipulags.

Samhliða deiliskipulaginu var unnin greining á áhrifum deiliskipulagsins á staðlaðri matstöflu skv. ákvæðum Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020.

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum í Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði og á heimasíðu Ísafjarðarbæjar, www.isafjordur.is, frá og með 20. maí 2010, til og með 17. júní 2010. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 1. júlí 2010.

Skila skal inn athugasemdum á bæjarskrifstofur Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest, teljast samþykkir henni.

Ísafirði, 14. maí 2010,
Jóhann Birkir Helgason, sviðstjóri
framkvæmda- og rekstrarsviðs.



Starfsmenn ITA skemmtu sér vel í kynnisferð á Ísafirði. Mynd: Þorsteinn J. Tómasson.

Vestfirðir markaðssettir sérstaklega

Vesturferðir í samstarfi við ITA og Flugfélag Íslands munu leggja áherslu á Vestfirði í markaðssetningu í sumar. „Það verður lögð vegleg áhersla á Vestfirði í auglýsingum og fólki sem stótt er í Reykjavík boðið að koma í dagsferðir til Ísafjarðar eða gista þar eina nótt. Hugsunin er sú að ef maður geti farið í t.d. í jöklaferð yfir dag geti maður alveg eins skellt sér til Ísafjarðar og notið þess besta sem þar er í boði“, segir Milla Kristjana Snorraddóttir hjá Vesturferðum.

„Að sjálfsögðu eru allir ferðaðir þjónustuaðilar á svæðinu þátttakendur og við vonumst til að þetta muni skila sér auknum straumi

ferðamanna. Svo var raunin í fyrra þegar byrjað var að leggja áherslu á einstaka landshluta að það var marktæk aukning í komum ferðamanna frá Reykjavík.“

Í þar síðustu viku var 16 starfsmönnum ITA, Iceland travel assistance sem þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í bókunarþjónustu fyrir íslenskan ferðaiðnað, boðið í kynnisferð til Ísafjarðar.

„Farið var á kajak á Pollinum og í hádegismat Við Pollinn þar sem boðið var upp á vestfirskan fisk að sjálfsögðu. Einnig var farið á Ömmu Habbý, Ösvör, Náttúrugripasafnið, Byggðasafnið og í Vigur. Það var því stíf dagskrá og þau piskuð áfram til

að sjá sem mest á stuttum tíma,“ segir Milla. „Þau voru mjög hrifin, sérstaklega þau sem ekki höfðu komið áður, og fannst mikið til þess koma hversu fjölbreytt úrval bæði af mat og afþreyingu er í boði og hvað þetta væri spennandi áfangastaður. Ég held að það muni skila af sér því mun betra er að selja og kynna eitthvað sem maður þekkir af eigin raun.“

„Við vorum mjög bjartsýn fyrir gos og erum enn bjartsýn en ég held að bókanir byrji seinna en vanalega út af eldgosinu. Ég held að fólk sé bara að biða þetta af sér en það er alls ekki að heyra á ferðafólki að það sé hætt við.“

– thelma@bb.is

Samkaup **úrval**

góðir grannar

...sjá öll tilboð á **samkaupurval.is**

Sparnaðartilboð helgarinnar 20. - 23. maí



Vínber á 50% afslætti!

Coop-Mexikó á 25% afslætti!

254 kr. stk. Classic
259 kr. stk. Chunky salsa
292 kr. stk. Salsa Verde
172 kr. stk. Salsa Roja
194 kr. stk. Salsa Verde

698 kr. kg
349



40% afsláttur

~~494~~
296 kr. kg Tex Mex vængir magnpakki, frá **Ísfugli**



Góð kaup!

Kjúklingur, frosinn

998 kr. pk. Bringur, 900g
798 kr. pk. Lundir, 700g



40% afsláttur

~~199~~
119 kr. stk. Nautahamborgarar úr kjötborði eða pakkaðir ferskir



30% afsláttur

~~1.798~~
1.259 kr. kg Svínakótilettur á grillið, frá **Kjötseli**



Góð kaup!

~~799~~
599 kr. pk. Kjötþúðingur frá **Goða**



38% afsláttur

~~3.198~~
1.983 kr. kg Nautafilé m/fitu úr kjötborði eða pakkað ferskt



30% afsláttur

~~1.398~~
979 kr. kg Svínalærisneiðar á grillið, frá **Kjötseli**



30% afsláttur

~~1.998~~
1.399 kr. kg Svínalundir danskar



30% afsláttur

~~3.198~~
2.239 kr. kg Nauta Rib Eye úr kjötborði eða pakkað ferskt



30% afsláttur

~~1.098~~
769 kr. kg Svínabógsneiðar á grillið, frá **Kjötseli**



24% afsláttur

~~589~~
448 kr. stk. Pizza, Chicago Town með tómáti eða pepperoni og lauk

...einstök þjónusta í góðum verslunum

Fékk það sem ég óskaði m

Rúnar Þór Pétursson, tónlistar- maður, er borinn og barnfæddur Ísfirðingur, ólst upp á Eyrinni og Seljalandsveginum og byrjaði að spila á hljóðfæri strax og hann gat valdið þeim. Vegurinn var ekki alltaf beinn og greiður en nú hefur Rúnar Þór verið edrú í 25 ár, spilar flestar helgar og vinnur að upptökum á nýrri plötu í félagi við Gylfa Ægisson og Me- gas. Hann sagði Bæjarins besta undan og ofan af sögu sinni.

„Ég fæddist í Túngötu 3, þar sem foreldrar mínir leigðu hjá pabba Óla forseta og hann bjó á efri hæðinni. Þar bjó ég til 9 ára aldurs. Þá hafði pabbi byggt hús á Seljalandsveginum og við fluttum þangað. Pabbi spilaði á harmónikku og var meðal annars í Mánakvartettinum frá Ísafirði, svo það er frá honum sem músík- in kemur inn í líf mitt. Ég hafði nóg af hljóðfærum til að fíkta í og man eftir okkur Óskari bróður minulitlum með harmónikkuna, Óskar togaði hana út og ég spilaði á borðið. Þegar ég var svona tíu, ellefu ára hermdi ég eftir pabba, sem hafði spilað á althorn í lúðra- sveitinni, og byrjaði að spila á althorn í barnalúðrasveitinni. Veturinn á eftir var pabbi kominn á kornett í lúðrasveitinni og þá skipti ég líka yfir í kornettið. Þá var ég búinn að hitta Örn Jóns, sem ég spila ennþá með, og við vorum byrjaðir að smala í hljóm- sveitir. Við litum á okkur eins og við kynnum allt og gætum allt og héldum strangar prufur yfir hinum strákunum, þótt við kynn- um svona sirka tvö grip á gítar- ana.

Í fyrsta bandinu sem við stofn- uðum voru Stebbi Símm og Sammi Kára, ég og Örn og þannig kom- um við fyrst fram undir nafninu Hverjir. Okkur fannst það svaka- lega sniðugt nafn. Sú hljóm- sveit kom reyndar bara einu sinni fram því Sammi hætti í skólanum. Þarna vorum við komnir í fyrsta bekk í gaggó og þá komu Einar Guðmunds og Reynir Guðmunds inn í bandið. Við höfðum frétt að Reynir væri nýbúinn að kaupa sér mikrafón og það þýddi auð- vitað að hann var sjálfskipaður söngvari, þótt við vissum ekkert hvort hann gæti sungið. En hann gat svo sannarlega sungið og við skiptum með okkur söngnum ég, hann og Örn. Það var reyndar ekkert svo skipulagt hver spilaði á hvaða hljóðfæri, við gerðum þetta bara eftir hendinni. Þegar Einar hætti í skólanum létum við

Reyni panta sér trommusett úr bænum og taka við trommuleikn- um. Hann hafði aldrei spilað á trommur áður, en það var alveg aukaatriði, það vantaði trommu- leikara. Hann reyndist reyndar frábær trommuleikari og hefði getað orðið besti trommuleikari landsins ef hann hefði haldið áfram.“

Spilað fyrir 19.000 manns í Húsafelli

„Svo voru auðvitað sumar- hljóm- sveitir í gangi. Góður biss- ness í því. Efmaður pantaði húsið á Patreksfirði, til dæmis, ákveðna helgi þá var ekkert ball leyft þá helgi á Tálknafirði og Bildudal til að spilla ekki aðsókninni. Og við þessir fimmtán ára guttar vor- um með tekjur eins og sjóarar eftir ballið. Svo var það náttúru- lega Húsafell. Það voru alltaf hljóm- sveitakeppnir í Húsafelli um verslunarmannahelgina og við ákváðum að taka þátt þar og stofnuðum hljóm- sveit sem hét Blackbird. Fréttum af góðum gítarleikara ofan af Akranesi í Herkastalanum sem hét Reynir Theódórs og var helvíti góður. Við Örn förum og töluðum við hann og munstruðum hann í hljóm- sveitina. Og Einar sem hafði verið með okkur í skóla- hljóm- sveitinni sem trommari var skikkaður til að spila á orgel. Hann hafði reyndar aldrei spilað á orgel, en okkur fannst það ekki skipta neinu máli. Hann keypti sér rándýrt orgel og svo bara fíktuðum við okkur áfram. Þessi hljóm- sveit mætti síðan í Húsafell 1968. Þar var Trúbrot að spila og 19.000 manns á svæðinu, þannig að þú getur ímyndað þér upplif- elsið fyrir fjórtán, fimmtán ára stráka að spila þar. Ég hef oft sagt í gríni að það hafi verið toppurinn á mínum ferli, síðan hafi leiðin bara legið niður á við. Við urðum í þriðja sæti í hljóm- sveitarkeppninni, en áttum að vera í fyrsta sæti samkvæmt kosn- ingunni. Það var dæmt af okkur vegna svindls nokkurra Ísfirð- inga í kosningunni. Við fengum að spila á hljóðfæri Trúbrots og það er mikið búið að stríða Einari á því að þegar hann labbaði að hammondinu á sviðinu var bank- að í öxlina á honum og hann spurður hvað hann haldi eigin- lega að hann sé að gera. Hann segist vera að fara að spila með þessari hljóm- sveit en er þá sagt að hann skuli sko ekki voga sér

að hreyfa við hammondinu hans Kalla Sighvats. Og hann fékk eitthvert aumingjalegt hljómborð til að spila á bakatil á sviðinu. En þetta var alveg rosalega gaman og við héldum náttúrulega að við værum búnir að slá í gegn.

Veturinn á eftir fer ég á Núp í skóla. Ég hafði reyndar verið rek- inn úr GÍ um áramótin á undan, ásamt tveimur öðrum út af því að við hentum smokk með vatni í inn í eina kennslustofuna. Okkur var gefinn kostur á að koma til baka ef við bæðumst afsökunar, en ég neitaði því, ég henti ekki smokknum, stóð bara við hliðina á þeim sem gerði það, svo mér fannst ég ekkert hafa gert af mér. Ég græddi reyndar á því að hætta, því Ásgeir Sigurðs vantaði bassa- leikara og hringdi í pabba og spurði hvort ég mætti ekki spila með þeim. Ég hafði aldrei spilað á bassa, en þetta var bara svona í þá daga, maður bara spilaði á það sem þurfti. Á fyrsta alvöru- ballinu með hljóm- sveit Geira, sem var í Krúsinni, þurfti pabbi að vera með mér því ég hafði ekki aldur til að vera þar inni. Og Örn og hinir strákarnir lágu á gluggunum, grænir af öfund.

En allavega fór ég á Núp þarna veturinn á eftir. Þar stofnuðum við hljóm- sveit, ég og Egill Stuð- maður og Benni rannsóknarlög- reglu maður. Sú hljóm- sveit hét Rassar og ég vildi að myndin á plakatinu yrði tekin inni á klósetti og við bara með rassana út. Við gerðum það og vorum fyrir vikið reknir í viku. Við ætluðum svo að halda áfram með þessa hljóm- sveit þegar við komum í bæinn, en þá var ég bara orðinn dálítið blautur. Var að vinna í Félags- bakariínu hjá Búbba bakara og honum var alveg sama þótt ég væri aðeins iði í vinnunni. Ég hef alltaf sagt að Búbbi var einn af þeim bestu, hann var ekki dæmandi alla endalaust. Hann sagði að ég hlyti bara að átta mig á því sjálfur með tímanum hvað mér væri fyrir bestu.“

Tjaldbúskapur í Færeyjum

Það tók Rúnar Þór þó tölu- verðan tíma að átta sig á því og næstu árin setti óreglan mark sitt á líf hans. Hann flutti til Reykja- víkur, en þó með viðkomu í Fær- eyjum.

„Það vildi nú þannig til að við vorum á rölti í bænum um miðja

nótt ég og Spessi þegar Geiri Sig- urðs kemur á leigubílnum með tvo sjóara, Dadda á Bökkunum og Árna Guðmunds. Þeir eru full- ir með fullt af peningum og við sláumst í hópinn. Það er enginn vakandi á Ísafirði og ekkert fjör, svo við ákveðum að biðja Geira að keyra okkur bara til Reykja- víkur, það hljóti að vera ein- hverjir vakandi þar. Geiri gerir það með því skilyrði að ég verði kominn til baka fyrir næstu helgi til að spila með hljóm- sveitinni hans, sem ég var þá í. Við félag- arnir förum á Hótel Esju, tökum tvö herbergi og sláum bara upp allsherjar partyi. Eftir tvo sólar- hringa erum við vinsamlegast beðnir um að fara út, við séum búnir að hertaka hótelið og eng- inn fái svefnfrið. Við nenntum ekki vestur og nenntum ekki að vera í Reykjavík svo við ákveð- um að fara erlendis að djamma. Við Spessi vildum ekki fara til Danmerkur en hinir vildu það og það varð úr að kastað var upp á það hvort við færum þangað eða til Færeyja. Færeyjar komu upp og þangað förum við. Þar vorum við í mánuð fylleri.

Árni merkti okkur tjald, sem við stálum úr einhverjum garði, með því að mála mynd af gosinu í Heimaey utan á það. Við tjöld- uðum því á Skansinum og það var stöðugur straumur af fólki að skoða myndirnar og drekka með okkur, þannig að okkur var skipað að fara með þetta tjald upp í hlið og vera þar, þetta væri of mikill ófriður. Það komu meira að segja einhverjir Ísfirðingar í heimsókn til okkar þarna út og þetta var allsherjar gleði. En eftir mánuð förum við heim. Og ég og Spessi förum að vinna á Kefla- víkurflugvelli. Árni fór á sjóinn en Daddi fór vestur, lenti í bílslysi og lamaðist. Við Spessi unnum þarna í um það bil ár minnir mig og mér fannst það bara fint. Ég var ekkert að spila á þessum tíma, en eftir að hafa verið spilandi frá tíu ára aldri, fannst mér það ágætt. Var eiginlega á því að nú væri kom- ið alveg nóg af spilamennsku.“

Gylfi Ægis, Megas og Hraunið


„Á þessum árum kynntist ég stelpu sem var dóttir eins af rikustu mönnum landsins. Það er í eina skiptið sem ég hef trú- lofað mig og ég reyndi meira að segja að draga úr drykkjunni fyrir

hana, en tókst ekki alveg sem skyldi. Mig var farið að langa til að draga mig út úr drykkjunni, en ég bara gat það ekki. Ég notaði róandi í þynnkunni og var alveg orðinn háður þessum vítahring. Smám saman fór ég að stinga kærustuna af og fara á túra og í einum sliikum kynntist ég Gylfa Ægis. Hann er nærri tíu árum eldri en ég og tók mig undir sinn verndarvæng. Hann hvatti mig til að fara að spila aftur og ég réði mig sem trommara í Tríó 72. Það stóð nú ekki lengi. Ég náði því að spila í gamla Þórskaffi reyndar, en botninn datt fljótlega úr þessu hjá mér. Ég var orðinn svo blautur og farinn að ljúga út efretrin hjá læknum. Svo hættir Gylfi að drekka og ég hætti að umgangast hann og kynntist þá Megasi. Hann var líka eldri en ég og reyndari og inni í þessu öllu.

Ég var á þessum þvælingi í sukk- inu, en samt að reyna að standa mig með kærustunni, hún að sækja mig hingað og þangað og fara með mig heim til sín, við að fara til pabba og mömmu um jólin og svona, en þetta hélt mér bara ekki. Við hættum saman ’82 og þá hefst versta tímabilið í lífi mínu. Þá er Megas hættur, við höfðum farið saman í meðferð ’79 og hann hætt en ég ekki. Eftir að kærastan fer drekk ég alla daga og er eiginlega bara á götunni, hálfgerður róni. Það stóð yfir í 3 ár. Í millitíðinni lenti ég á Litla-Hrauni fyrir að falsa ávísun. Ég hafði reyndar lengi keyrt próf- laus og var með dóma fyrir það svo það þyngdi refsinguna. Ávís- anafalsið kom þannig til að ég og frændi minn vorum að djamma upp á Akranesi og brennivínið var búið. Frændi minn var sofn- aður og ég hugsaði með mér að ég gæti alveg eins skrifað ávísun og fór til leigubílstjóra og keypti búið. Sjö ára sonur stelpunnar sem við vorum í partyinu hjá hafði lengi suðað í mömmu sinni um að fá hjól, svo ég ákvað að láta ávísunina vera nógu háa til að hann gæti fengið afganginn fyrir hjóli. Skrifaði ávísun upp á 20.000 kall og fékk 7.000 til baka sem ég gaf stráknum.

Morguninn eftir er ég svo sótt- ur aflögreglunni. Þá hafði leigu- bílstjórinn reynt að skipta ávísun- inni, sem reyndar var engin inni- stæða fyrir og í öðru lagi með vitlausu reikningsnúmeri. Mér er stungið í steininn og gerð grein fyrir því að það sé mjög alvarleg-

aldrí mér



Ljósni: Pjetur Geir.

ur hlutur. Ég var náttúrulega sá vitleysingur að segja þeim alla söguna. En það hefði ég ekki átt að gera því þeir sneru því upp í að þetta væru samantekin ráð, þar sem frændi minn hafði skrifað undir ávísunina, og fullyrtu að þetta þyngdi dóminn. Enda fékk ég fimm eða sex mánaða fangelsisdóm, sem ég afplánaði á Litla-Hrauni. Var fyrst boðið að fara á Kvíabryggju, en þar þurftu menn að beita og því nennti ég ekki. Þá buðu þeir mér að fara á Akureyri, en þangað vildi ég ekki fara. Þá var bara Litla-Hraun eftir og ég valdi að fara þangað af því þar voru menn bara í fótbolta og skóla og að leika sér. Ég sat þar inni í þrjá mánuði, með alls konar þekktum mönnum úr undirheimunum og mér fannst ég bara vera smápeð miðað við þá, slappur drykkjumaður og slappur afbrotamaður líka. Þarna voru til dæmis Halldór heitinn Fannar og Sævar Císelsti, sem ég kynntist vel.“

Rimlarokk og edrúmennska

„Ég sat inni árið ’81 og árið eftir hringir Ásgeir pylsusali í mig. Þá var ég búinn að vera edrú í hálf t.ár. En erindi Ásgeirs var að spyrja hvort ég væri ekki til í að taka þátt í að gera plötu til stuðnings föngum. Hann sagðist svo skyldu gefa mér upptökurnar þegar þetta væri búíð að gera sitt gagn. Þessu fylgdi líka sú kvöð að ég þyrfti að fara með plötuna um landið og kynna hana í skólum og segja sögu mína. Hann gerði mér líka grein fyrir því að með því væri ég að stimpla sjálfan mig sem fanga, sagðist skilja ef ég vildi það ekki, það væru fjórir ónafngreindir þekktir menn búnir að bakka út vegna þess. Ég hugsaði málið í tvo þrjá daga og komst að þeirri niðurstöðu að ég vildi segja mína sögu eins og hún var. Ég lenti þarna inni fyrir nánast ekki neitt og skaðaði ekki nokkurn mann. Mér fannst bara fínt að það kæmi fram að menn gætu lent í slíku.

Platan var tekin upp í Glóru og

útkoman varð sú að ég og Halldór heitinn Fannar spiluðum á öll hljóðfærin, nema Sævar spilar á gítar og syngur í sínu lagi. Halldór var held ég í fyrstu Rooftops, frábær tónlistarmaður sem drakk sig í hel fyrir nokkrum árum. Platan kemur svo út og ég fer að fara með hana um landið. Bergþóra Árnadóttir, frænka mín, var þá að kynna eina af sínum plötum og við ákváðum að fara saman um landið, sem við gerðum. Allan þann tíma var ég á róandi lyfjum og ekkert að drekka og búinn að vera “edru” svoleiðis í heilt ár, en eftir þetta fór ég að drekka aftur og var fullur meira og minna fram að áramótum 84/85.

Kunningi minn í löggunni hafði spurt mig í nóvember hvort hann mætti ekki panta pláss fyrir mig í meðferð og ég bara sagti já, án þess að þæla meira í því. Svo er það rétt fyrir jólin að ég er á labbi á Laugaveginum að þessi kunningi minn kemur og segist vera búinn að fá pláss fyrir mig um jólin, hann vilji ekki vita af mér á þessum flækingi um jólin. Ég átti engan fastan samastað, en átti alltaf innhlaup hjá Överbybræðrunum uppi á Skólavörðustíg og hafði átt í gegnum árin. Svo átti maður vinkonur hér og þar sem maður fékk að lúlla hjá þegar á þurfti að halda. Konur breytast í svona tilfellum í lækna af tómrí vorkunnsemi og halda að það sé ást. En allavega, fer ég á Vog þarna um jólin, í áttundu eða níundu meðferðina. Á annan í jólum er svo hringt í mig og mér sagti að ég sé orðinn pabbi í annað sinn. Þá rofar eitthvað til í höfðinu á mér og ég hef ekki drukkið síðan. Segi oft að við séum jafngömul ég og þessi dóttir mín. Síðan eru liðin tuttugu og fimm ár og ‘the rest is history’, eins og þeir segja.“

Ný plata með Gylfa og Megasi

Rúnar hefur séð fyrir sér með tónlistinni öll þessi tuttugu og fimm ár og segir oft hafa verið erfitt til að byrja með að vera að



Ljósm: Pjetur Geir.

spila flest kvöld innan um drukkið fólk. Hann hefur gefið út nokkrar sólóplötur á þessu tímabili, sem notið hafa töluverðra vinsælda, og undirbýr nú plötu sem mun sæta tíðindum í íslensku tónlistarlífi, ef að líkum lætur.

„Við Gylfi og Megas höfum náttúrulega alltaf haldið vinskapnum og oft talað um að gera eitthvað saman. Megas söng reyndar með mér eitt lag á plötu ’87 og við Gylfi höfum verið að spila á böllum saman síðustu árin, en ég fór að hugsa að við værum nú ekkert að yngjast og fór að tala við þá um að gera plötu og þeir voru alveg til í það. Við fórum bara í það að finna yngri stráka til að spila með okkur, til að breyta okkur aðeins.

Við erum náttúrulega svo svakalega ólíkir tónlistarmenn. Megas er lengst til vinstri í tónlistinni, ég svona einhvers staðar á miðjunni og Gylfi heillar almenninginn. Þeir semja báðir frábær lög og texta og ég ákvað að byrja á því að semja lag og láta annan hvorn þeirra gera textann. Megas reið á vaðið og lagið er komið í spilun. Lagið heitir Gígja, sem er náttúrulega hljóðfæri. Textinn virkar eins og klám, en er nú bara þannig tilkominn að í einhverri meðferðinni vorum við Megas saman fyrir framan einn meðferðarfulltrúann og spyrjum hann hverjir möguleikarnir séu á því að við verðum edru einhvern

tíma. Hann lítur á mig og segir: um leið og þið hættið að riðlast á þessum gíturum verðið þið edru. Þá var í tísku í meðferðum að segja fólki að skipta um lífsstíl, tónlistarmenn áttu að hætta að spila, sjómenn að fara í land, smiðir að fara á sjóinn o.s.frv. Og Megas hafði þetta í huga þegar hann samdi textann. Ég var alveg búinn að gleyma þessu, en Megas mundi þetta orð fyrir orð. Og nú skulum við sko sýna þessum ráðgjafa að það er ekkert mál að vera edru í 25 ár þótt maður haldi áfram að riðlast á gíturum.

Við klárum svo plötuna og ætlum að hafa það þannig að við komum bara með eitthvert af lögunum okkar og setjum einhvern hinna í að syngja það. Það verður áskorun. Enda vitum við ekkert hverju við lendum í. Ætlum svo að hafa sama háttinn á á tónleikum eftir að platan kemur út. Þetta er bara svakalega gaman og við náum vel saman í stúdíóinu. Erum mjög ólíkir tónlistarmenn og höfum farið okkar eigin leiðir en það er eitthvað sem tengir okkur saman. Útgefandinn okkar segir að við séum þeir einu sem hafa farið í gegnum íslenska rokksögu, verið alvöru drykkjumenn og náð sér upp án þess nokkru sinni að hafa fallið inn í normið eða farið í jakkaföt.“

Og ertu sáttur við lífið og ferilinn?

„Já, ég er sáttur. Hef oftast

búið einn og ráðið mínu lífi sjálfur, á sjö yndisleg börn og í raun hafa allar óskir mínar ræst. Fólk er að láta spila lögin mín í jarðarförum, eða spila þau á útskriftartónleikum úr píanónámi, þótt ég hafi aldrei lært á píanó. Fólk einhvern veginn aðgreinir píanólögin og aðra músík eftir mig. Og ég hefði sennilega ekki getað lifað af þessu nema hafa verið í báðu. Nú á til dæmis að fara að selja píanólögin í Kanada. En aðalatriðið er að fólk hefur keypt nógu mikið af tónlistinni minni og mætt nógu oft á tónleika og böll hjá mér til þess að ég hef getað lifað af þessu. Mér þykir vænt um það, en er ekkert að tala um það, enda aldrei fundist fólk eiga að vera að tala um það að það sé betra eða verra en einhver annar.

Ég er náttúrulega bara sveitastrákur frá Ísafirði, sem átti mjög góða foreldra og skorti ekkert í uppvextinum, en lenti á villigötum. Ég segi oft við fólk varaðu þig á því hvers þú óskar þér, því ef þú ert sjálfum þér samkvæmur þá verða allir þínir helstu draumar að veruleika. Ég sá sjálfan mig fyrir mér sem drykkjumann með nóg af konum þegar ég var að spila í Húsafelli fimmtán ára gamall og kom niður af sviðinu þar sem stelpurnar stóðu í röðum. Þá hugsaði ég með mér: þetta er lífið. Og ég fékk það.“

—fridrika@bb.is



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu

Halldóru Daniélsdóttir
Hlíðarvegi 31, Ísafirði

Sérstakar þakkir sendum við öllu því góða heilbrigðis- starfsfólki sem annaðist hana í veikindum hennar. Guð blessi ykkur öll.

Stigur Stígsson

Soffía Helga Magnúsdóttir	Sigurður Mar Stefánsson
Örn Guðmundsson	Hafðís Valdimarsdóttir
Gunnfríður Magnúsdóttir	Sophus Magnússon
Sigríður Rósa Magnúsdóttir	Richard Hansen
ömmu- og langömmubörn	

Breytt stjórn­mál, fram­ tíðarlausnir
fyrir heimili og atvinnulíf

Horfum til fram­ tíðar

Opinn fundur með
Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni
formanni Framsóknarflokksins
í Framsóknarhúsinu Pollgötu 4
föstudaginn 21. maí kl. 17:00

Allir velkomnir



FLOKKUR ENDURNÝJUNAR



smáar

Til sölu er vinnrauður hornsófi, 2+3. Selst ódyrt. Uppl. gefur Bjarni í síma 868 6233.

Til sölu er vel með farið 16" TREK strákahjól. Hjálparhjól fylgja. Verð kr. 10.000. Uppl. í síma 899 0774.

Óska eftir að fá leigt hjólhýsi eða fellihýsi dagana 9.-11. júlí til staðbundinnar notkunar í Bolungarvík. Upplýsingar í síma 822 4402.

Til sölu er amerískt rúm „Good night sleep“ í stærðinni 120x203. Rúmið hefur aðeins verið notað í fjórar nætur. Uppl. í síma 822 6490.

Stærsta ferm-ingarhelgin framundan

Fermingar verða í Suður-eyrarkirkju og Súðavíkurkirkju á hvítasunnudag. Í Suð-ureyrarkirkju fermist *Hrafnkell Hugi Vernharðsson*, Aðalgötu 37, kl. 14:00.

Í Súðavíkurkirkju fermast þrír einstaklingar kl. 16:00 á hvítasunnudag: *Slavyan Yor-danov*, Sólbakka, *Jón Arnór Þorsteinsson*, Arnarflöt 5 og *Hrafnhildur Líf Pétursdóttir*, Holtagötu 2.

Einnig verða fermingar í Ísafjarðarkirkju og í Hólskirkju í Bolungarvík en listar yfir fermingarbörn þar bærust blaðinu ekki í tíma.



Vestfirðir taka þátt í evrópskri ferðaþjónustukeppni

Áfangastaðurinn Vestfirðir og verkefnið Vatnavinir Vestfjarða verða framlag Íslands í fjórðu Evrópsku EDEN samkeppninnar um gæða áfangastaði í Evrópu (European Destination of Excellence). Markmið EDEN verkefnisins er að vekja athygli á gæðum, fjölbreytileika og sameiginlegum einkennum evrópskra áfanga- staða og kynna til sögunnar nýja,

litt þekkta áfangastaði vítt og breitt um Evrópu þar sem áhersla er lögð á ferðaþjónustu í anda sjálfbærni. Þema ársins er sjálfbær ferðaþjónusta í vatns- og sjávar tengdri ferðaþjónustu (Sustainable Aquatic Tourism).

Einn áfangastaður er valinn frá hverju þátttökuríki í Evrópu og hljóta verðlaunahafar titilinn „2010 EDEN Destination for

Sustainable Aquatic Tourism“. Verðlaunaafhendingin og sýning með kynningu á öllum verðlaunaáfangastöðunum fer fram í tengslum við ferðamálaráðstefnuna The European Tourism Day í Brussel 27. september. Allir EDEN verðlaunahafar geta treyst á töluverða umfjöllun í fjölmiðlum í Evrópu í tengslum við verðlaunaafhendinguna og á vefsíð-

um og kynningarritum EDEN verkefnisins eftir það. EDEN verðlaunin eru viðurkenning á gæðum viðkomandi áfangastaðar og hafa mikla þýðingu fyrir markaðssetningu.

Í byrjun mars óskaði Ferðamálastofa eftir umsóknum vegna EDEN keppninnar. Nokkrar áhugaverðar tillögur bárust sem farið var yfir af dómnefnd. Í rökstuðningi fyrir valinu eru raktir þeir mörgu áhugaverðu möguleikar sem náttúra Vestfjarða býður ferðafólki með sínu fjölbreytta fugla- og dýralífi. „Á Vestfjörðum eru einnig heitar laugar en finnast annarsstaðar á landinu. Það hafa Vatnavinir Vestfjarða lagt áherslu á, í metnaðarfullu og viðamiklu nýsköpunarverkefni sem gengur út á að nýta þessar fjölmörgu laugar og baðstaði áfangastaðnum til framdráttar. Laugarnar hafa verið nýttar til heilsubátar í gegnum aldirnar og nú stendur til að byggja upp „nútíma“ miðstöðvar og heilsulindir í tengslum við þær og leitast þannig við að skapa félagslega og fjárhagslega arðsemi á Vestfjörðum til langs tíma,“ segir orðrétt.

Þá segir einnig að verkefni Vatnavina stuðli að félags-, menn-ingar- og umhverfislegri sjálfbærni þar sem heimamenn eru virkir þátttakendur á öllum stigum verkefnisins. Verkefnið byggir á vel útfærðri markaðsáætlun þar sem markhópar eru ítarlega skilgreindir sem og þær aðferðir sem aðstandendur verkefnisins ætla að byggja markaðssetninguna á. Verkefnið byggir jafnframt á vel framsettum, mælanlegum langtíamarkmiðum.

Áhugaleysi um sveitarstjórnir?

Stakkur skrifar

Það verður að segjast hér að áhugaleysi það sem nú birtist í aðdraganda kosninga til sveitarstjórna er alvarlegt umhugsunarefni. Sveitarstjórnnum er falið með lögum að stýra næsta umhverfi íbúa sinna, grunnskólum, barnavernd, götum, skipulagi og félagsþjónustu svo fátt eitt sé talið. Þeir fjölmörgu málaflokkar sem eru á höndum sveitarstjórna snerta alla íbúa sveitarfélaga með einum eða öðrum hætti og flestir ef ekki allir málaflokkarnir koma við alla einhvern tíma á ævinni. Hluti tekna allra íbúa sveitarfélaga sem náð hafa 18 ára aldri rennur til sveitarfélagsins, ýmist frá þeim sjálfum eða greiddur af ríkinu, og því skyldi ætla að kjósendur hefðu mikinn áhuga á því hvernig kosningar fara. Svo virðist ekki vera og skrípaframboð með óskiljanlega stefnuskrá eiga upp á pallborð kjósenda í Reykjavík og kannski víðar.

Hvað skyldi valda þessu mikla áhugaleysi? Ætla má að stjórn-málamenn njóti afar lítils trausts um þessar mundir. Þeir hafa verið staðnir að því bæði á Alþingi og í sveitarstjórnnum að reyna að raka til sín fé með ýmsum hætti. Þeir hafa þegið stórar greiðslur frá bönkum og fyrirtækjum sem stýrt var af fullkomlega siðlausum gróðapungum, sem ekkert sáu fyrir sér nema eigin gróða, sitt ríki-dæmi. Engin von er til þess að slíkir menn, karlar eða konur, njóti trausts almennings, sem nú verður að borga fyrir óreiðu og yfir-gengilegt sukk örfárra manna, sem rýrt hafa líf skjör Íslendinga næsta áratuginn ef ekki lengur. Hvernig getur kjósandi brugðist við tíðindum af því að forystumaður í bæjarstjórn telji það einkamál sitt að flytja með kaupmála eignir frá maka sínum á sitt nafn og

lýsi því yfir um leið að hvorki kjósendum né almennungi yfirleitt komi það við og hneykslast á því að þessi „einkamál“ séu í um-ræðunni? Og viðkomandi kórónaði skömmuna með því að aftur-kalla kaupmálann. Traust verður ekki endurvakið með slíkum hætti. Sveitarstjórnarmenn verða líka að sýna ábyrgð.

Fastlega má búast við því að fleiri lítt fögur fjármál komi upp hjá ýmsum þeim sem bjóða sig fram í þágu almennings. Vegna okkar kjósenda skulum við samt vona að enn sé til heiðarlegt fólk sem vill vinna fyrir sveitarfélögin með hagsmuni heildarinnar og hins almenna borgara að leiðarljósi. Við á Vestfjörðum viljum trúa því að okkar fólk í framboði, hvar í flokki sem það stendur, hafi hreinan skjöld og því megi treysta. Vonandi geta allir fram-bjóðendur komið fram og gefið yfirlýsingu um að þeir hafi ekki átt sinn þátt í fjármálahruninu og að þeir hafi ekki syndir á bakinu í þeim efnunum. Eina lofordið sem þeir eiga nú að gefa er að fara vel með fjármuni skattgreiðenda. Sá pottur peninga hefur dregist mjög saman síðustu árin. Í sveitarstjórnarkosningum er ákveðin hætta á því að frambjóðendur þeirra stjórn-málaflokka sem starfa á landsvisu verði látnir gjalda bæði frammistöðu alþingismanna flokka sinna og ekki síður þeirra sem hafa setið á Alþingi og verið gripnir með lúkurnar í sultukrúkkunni - það að raka til sín fé með siðlausum hætti - sem kosta mun almennung förnir næstu ár og áratugi.

Þá megum við ekki gleyma því að láta hvern frambjóðanda njóta sannmælis og muna líka að þeir sem við kjósum í sveitarstjórn munu sitja þar næstu fjögur ár. Ábyrgð kjósenda er líka mikil.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í *Bæjarins besta* í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



Ísafjarðarflugvöllur.

Ísafjarðarflugvöllur verði millilandavöllur

Þingsályktunartillaga um að sköpuð verði aðstaða til að hægt verði að sinna millilandaflugi frá Ísafjarðarflugvelli hefur verið lögð fram á Alþingi. Fyrsti flutningsmaður hennar er Einar K. Guðfinnsson en aðrir flutningsmenn eru þingmenn Norðvesturkjördæmis, að undanskildum sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra. Tillögreguin er svohljóðandi: „Alþingi ályktar að fela samgöngu og sveitarstjórnarráðherra að tryggja að til staðar sé á Ísafjarðarflugvelli nægjanlegur búnaður og aðstaða svo hægt sé að sinna þáðan millilandaflugi

með flugvéllum sem í dag hafa heimild til þess að fljúga um völluminn.“

Í greinargerð með tillögunni segir: „Ísafjarðarflugvöllur gegnir ómetanlegu hlutverki og er ein helsta samgönguæð Vestfirðinga. Unnið hefur verið að margvíslegum endurbótum á flugvellinum, sem hafa verið til mikilla bóta fyrir flugsamgöngu til Vestfjarða. Það heftir hins vegar vaxtarmöguleika vallarins að ekki er til staðar almenn heimild til þess að stunda um hann millilandaflug. Slík starfsemi var þó stunduð á árum áður og skipti miklu

máli. Landfræðilegar aðstæður til almenns millilandaflugs eru að sönnu erfiðar. Á hinn bóginn er völluminn einn hinn fjölfarnasti í almennu innanlandsflugi og með undanþágum er stundað þáðan takmarkað millilandaflug. Þann þátt starfseminnar þarf sérstaklega að efla, með sérstakri áherslu á þá möguleika sem eru til aukins samstarfs Vestfjarða og Grænlands.“

Í greinargerðinni er enn fremur vakin athygli á margs konar viðleitni til þess að efla samskiptin við Grænland, með þjónustu frá Vestfjörðum. Þar mun flugvöllurinn geta gegnt lykilhlutverki. Flugvölluminn er fjölfarinn. Rúmlega 50 þúsund farþegar fara um völluminn á ári í innanlandsflugi og í dag fer fram frá Ísafirði takmarkað millilandaflug, sem byggir á undanþágum.

Í lok greinargerðarinnar eru helstu atriði þingsályktunarinnar tekin saman með þessum orðum: „Landfræðilegar aðstæður setja millilandaflugi um Ísafjarðarflugvöll skorður. En í ljósi þess að um völluminn fara meira en 50 þúsund farþegar árlega í innan-

landsflugi og heimild er til staðar til takmarkaðs millilandaflugs, er eðlilegt að unnið verði að því að opna fyrir frekara millilandaflugs, svo sem landfræðilegar aðstæður leyfa. Slíkt gæti eftl íslenska ferðaþjónustu, styrkt einkanlega samstarf Íslands og Grænlands á margvíslegum sviðum, rennt fleiri stoðum undir vaxandi ferðaþjónustu á Vestfjörðum og nýtt þá fjárfestingu sem þegar er til staðar í innviðum á margvíslegum sviðum ennþá betur.“

– *thelma@bb.is*

Tæplega 235 milljóna hagnaður hjá OV 2009

Afkoma Orkubús Vestfjarða var mun betri á árinu 2009 en áætlanir gerðu ráð fyrir. Rekstraráætlun ársins gerði ráð fyrir rekstrarhagnaði að upphæð 66,3 milljónum króna en samkvæmt rekstrarreikningi varð hagnaður af venjubundnum rekstri fyrir skatta, sem nam um 247,5 milljónum, en þegar tekið er tillit til breytinga á tekjuskattprósentu og bókfærðs tekjuskatts 2009 er hagnaður ársins um 234,4 milljónir króna. Afskriftir námu alls 210,5 milljónum. Eignir Orkubús Vestfjarða ohf. í árslok 2009 voru alls 5.343 milljónir og heildarskuldir alls 656 milljónir króna.

Eigið fé nam því alls 4.687 milljónum sem er um 87,7 % af heildarfjármagni. Eignir Orkubús Vestfjarða ohf. hafa ekki verið endurmetnar. Var þetta fimmta

árið í röð sem hagnaður varð af venjubundnum rekstri. Framleiðsla vatnsaflsvirkjana Orkubúsins var í meðallagi og ekki urðu nein stærri rekstraráföll í flutningskerfum Orkubúsins.

Á árinu 2009 var 350,5 milljónum varið til fjárfestinga. Orkubú Vestfjarða hefur um langt skeið fjármagnað allar framkvæmdir sínar með fé frá rekstri og er fyrirtækið því skuldlaust ef frá eru taldar eldri lífeyrisskuldbindingar. Þessi stefna hefur leitt til þess að fjármagnskostnaður, sem nú er að sliga flest orkufyrirtæki landsins, er litill sem enginn og unnt hefur verið að reka fyrirtækið með hagnaði á undanföllum árum.

Á árinu 2009 voru teknar ákvarðanir um virkjunarframkvæmdir og endurnýjun í Mjólkk-

árvirkjun á árunum 2010 og 2011. Gert er ráð fyrir að kostnaður verði um 1.000 milljónir og stefnir Orkubúið að því að fjármagna þær með fé frá rekstri, á næstu þremur árum, þannig að ekki þurfi að taka langtímalán þeirra vegna.

„Mesti auður hvers fyrirtækis er fölginn í starfsmönnum þess. Á undanföllum árum hefur verið mikil festa í starfsmannahaldi Orkubús Vestfjarða og lítið um mannabreytingar. Óhætt er að fullyrða að fyrirtækið hefur yfir vel hæfu starfsfólki að ráða. Góð afkoma og styrkur Orkubús Vestfjarða byggja að stærstum hluta á öllu því góða starfsfólki fyrirtækisins sem sinnir starfi sínu af metnaði alúð og trúmennsku,“ segir í tilkynningu frá OV.

– *thelma@bb.is*



ÍSAFJARÐARBÆR

HEIMABÆR 4-5, HNÍFSDAL - BREKKUHÚS

Ísafjarðarbær auglýsir til sölu fasteignina Heimabæ 4-5 í Hnífsdal, fastanúmer 211-9744 og 211-9745, bárujárnsklætt timburbúsetið sem byggt er árið 1905. Heildar flatarmál er 407,8 m².

Húsið stendur á snjóflóðahættusvæði og er búseta í því óheimil á tímabilinu frá 31. október til 30. apríl. Óskað er eftir skriflegum tilboðum í húsið. Tilboðum fylgi greinargerð um fyrirætlan tilboðsgjafa hvað ráðstöfun eignarinnar varðar. Farið verður með þær upplýsingar sem trúnaðarmál.

Réttur er áskilinn til að hafna öllum tilboðum. Tilboð berist í síðasta lagi 31. maí 2010. Allar frekari upplýsingar eru veittar á tæknideild Ísafjarðarbæjar.

Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.



Ásgerður Jónasdóttir
eftir afrekshöggð.

Fór holu í höggi á Islantilla

Ásgerður Jónasdóttir í Bolungarvík fór holu í höggi á Islantilla golfvöllinum á Spáni fyrir stuttu. Fyrir þá sem þekkja til, má geta þess að um var að ræða holu 13. „Mér fannst þetta sjálfri ansi flott högg og mér er sagt af þeim sem hafa verið lengur í golfinu en ég að þetta sé nú auðvelt,“ segir Ásgerður aðspurð um afrekið. Hún segir tilfinninguna sem fylgdi því að sjá kúluna fara ofan í holuna hafa verið ansi góða.

„Ég fékk alveg gæsaþöð á handleggjunum þegar ég sá hvað hafði gerst.“ Islantilla hefur verið mest sótti völlum Íslendinga á Spáni í mörg ár. Aðstaða þar er frábær, 3x9 holur og önnur aðstaða í veitingum og gistingu til fyrirmyndar. Ásgerður var í stórum hópi Íslendinga sem undu glaðir við sitt er þeir spiluðu daglega á hinum skemmtilega 27 holu Islantilla golfvelli.

– thelma@bb.is

Læknir áfram í Bolungarvík

Bæjarmálafélag Bolungarvíkur mótmælir harðlega fyrirhuguðum niðurskurði og breytingum á fyrirkomulagi lækniþjónustu í Bolungarvík. „Bæjarmálafélagið krefst þess að læknir verði áfram staðsettur í Bolungarvík þar sem þörf er fyrir fulla stöðu lækni. Hér er enn og aftur vegið að opinberum störfum í Bolungarvík og þar með þjónustu og útsvarstekjum bæjarins. Samfélagsáhrif slíkra ráðstafa veikja samfélagið,“ segir í ályktun félagsins.

Þá beinir Bæjarmálafélagið því til dómsmála- og mannréttindaráðherra og annarra stjórnvalda, að tryggð sé þjónusta björgunarþyrilu hjá Landhelgisgæslunni. „Skerðing á þyrilþjónustu Landhelgisgæslunnar stefnir öryggi sjómanna á hafi úti í hættu en starfsemi þyrllunnar gegnir þar lykilhlutverki.“

– thelma@bb.is

Auglýsing um framb sveitarstjórnarkos

Eftirtaldir framboðslistar bárust yfirkjörstjórn Ísafjarðarbæjar vegna sveitarstjórnarkosninga er fram fara þann 29. maí 2010 og hafa verið úrskurðaðir gildir.

B-listi Framsóknarflokks

1. **Albertína Elíasdóttir, verkefnastjóri,** Mjallargata 1, 400 Ísafjörður.
2. **Marzellíus Sveinbjörnsson, fulltrúi,** Skipagata 10, 400 Ísafjörður.
3. **Gísli Jón Kristjánsson, skipstjóri,** Fagraholt 3, 400 Ísafjörður.
4. **Sigurður Jón Hreinsson, iðnfræðingur,** Hlíðarvegur 29, 400 Ísafjörður.
5. **Guðrún Margrét Karlsdóttir, hársnyrtimestari** Silfurgata 7, 400 Ísafjörður.
6. **Jón Reynir Sigurðsson, bílstjóri,** Fjarðargata 60, 470 Þingeyri.
7. **Helga Dóra Kristjánsdóttir, bóndi,** Tröð, 425 Flateyri.
8. **Rósa Helga Ingólfssdóttir, skattstjóri,** Urðarvegi 30, 400 Ísafjörður.
9. **Þórdís J. Jakobsdóttir, framkvæmdastjóri,** Seljalandsvegur 70, 400 Ísafjörður.
10. **Barði Önnundarson, verk taki,** Hafrafell, 400 Ísafjörður.
11. **Þórður Emil Sigurvínsson, sjómaður,** Hjallavegur 14, 400 Ísafjörður.
12. **Edda Björk Magnúsdóttir, bóndi,** Hjarðardalur, 471 Þingeyri.
13. **Elías Oddsson, framkvæmdastjóri,** Mánagata 1, 400 Ísafjörður.
14. **Kristján Óskar Ásvaldsson, laganemi,** Tröð, 425 Flateyri.
15. **Harpa Sjöfn Friðfinnsdóttir, hársnyrtinemi,** Vallargötu 15, 470 Þingeyri
16. **Gréta Gunnarsdóttir, nemi,** Hlíðarvegur 45, 400 Ísafjörður.
17. **Ásvaldur I. Guðmundsson, umsjónarmaður,** Núpur, 471 Þingeyri.
18. **Sigurður Sveinsson, fyrrv. útgerðarmaður,** Hlíðarvegur 1, 400 Ísafjörður.

D-listi Sjálfstæðisflokks

1. **Eiríkur Finnur Greipsson, framkv. stjóri,** Grundarstígur 2, 425 Flateyri.
2. **Gísli Halldór Halldórsson, fjármálastjóri,** Tangagata 6, 400 Ísafjörður.
3. **Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, sagnfræðingur,** Hafraholt 38, 400 Ísafjörður.
4. **Kristín Háldánsdóttir, rekstrarstjóri,** Silfurtorg 1, 400 Ísafjörður.
5. **Margrét Halldórsdóttir, íþrótt- og tómstundafulltrúi** Eyrargata 8, 400 Ísafjörður.
6. **Guðný Stefanía Stefánsdóttir íþróttfræðingur** Pollgata 4, 400 Ísafjörður.
7. **Steinþór Bragason, tæknifræðingur,** Aðalstræti 17, 400 Ísafjörður.
8. **Halldór Halldórsson, bæjarstjóri,** Hafraholti 38, 400 Ísafjörður.
9. **Ingólfur Þorleifsson, vélstjóri,** Túngata 10, 430 Suðureyri.
10. **Hlynur Kristjánsson, smiður,** Silfurgata 11, 400 Ísafjörður.
11. **Steinar R. Jónasson, stöðvarstjóri,** Mjólkárverkjun, 465 Bíldudalur.
12. **Hafdís Gunnarsdóttir, kennari,** Sundstræti 22, 400 Ísafjörður.
13. **Róbert Hafsteinsson, verkefnastjóri,** Miðtún 14, 400 Ísafjörður.
14. **María Hrönn Valberg, grunnskólakennari,** Ólafstún 9, 425 Flateyri.
15. **Sturla Páll Sturluson, aðstoðaryfirtollvörður** Túngata 27, 400 Ísafjörður.
16. **Anna Marzellíusardóttir, nemi,** Skipagata 10, 400 Ísafjörður.
17. **Birna Lárusdóttir, fjölmiðlafræðingur,** Miðtún 23, 400 Ísafjörður.
18. **Geirprúður Charlesdóttir, fyrrv. aðalgjaldkeri** Sundstræti 36, 400 Ísafjörður.

framboð vegna almennra arkosninga 29. maí 2010

**Í-listi Samfylkingarinnar, Vinstrihreyf-
ingarinnar græns framboðs, Frjálslyndra
og óháðra kjósenda í Ísafjarðarbæ**

1. Sigurður Pétursson, bæjarfulltrúi,
Miðtún 16, 400 Ísafjörður.
2. Arna Lára Jónsdóttir, bæjarfulltrúi,
Engjavegur 22, 400 Ísafjörður.
3. Kristján Andri Guðjónsson, útgerðarmaður,
Engjavegur 28, 400 Ísafjörður.
4. Jóna Benediktsdóttir, bæjarfulltrúi,
Fjarðarstræti 39, 400 Ísafjörður.
5. Lína Björk Tryggvadóttir, viðskiptafræðingur,
Hreggnasi 2, 410 Hnífsdalur.
6. Benedikt Bjarnason, svæðisstjóri
Fiskistofu á Ísafirði
Fífutunga 8, 400 Ísafjörður.
7. Ragnhildur Sigurðardóttir, starfsmaður
Þýðingarmiðstöðvar utanríkisráðuneyt-
isins á Ísafirði
Fjarðarstræti 11, 400 Ísafjörður.
8. Dagur Hákon Rafnsson, formaður
Auðar, félags ungra jafnaðarmanna í
Ísafjarðarbæ
Smiðjugata 9, 400 Ísafjörður.
9. Valdís Bára Kristjánsdóttir, stuðningsfulltrúi,
Fjarðarstræti 17, 400 Ísafjörður.
10. Arna Sigríður Albertsdóttir, nemi,
Móholt 9, 400 Ísafjörður.
11. Hermann Vernharður Jósefsson,
forstöðumaður Funa
Aðalgata 37, 430 Suðureyri.
12. Alina Kordek, húsmóðir,
Öldugata 1, 425 Flateyri.
13. Lísbet Harðardóttir, æskulýðsfulltrúi,
Seljalsandsvegur 6 400 Ísafjörður.
14. Sigurður Hafberg, leiðbeinandi,
Ólafstún 7, 425 Flateyri.
15. Helga Björk Jóhannsdóttir, leikskólastjóri,
Skipagata 4, 400 Ísafjörður.
16. Halldór Smáráson, háskólanemi,
Miðtún 33, 400 Ísafjörður.
17. Reynir Torfason, listamaður,
Sólgata 5, 400 Ísafjörður.
18. Magnús Reynir Guðmundsson, bæjarfulltrúi
Skipagata 2, 400 Ísafjörður.

K-listi Kammónista

1. Stígur Berg Sophusson, sjómaður,
Skipagata 15, 400 Ísafjörður.
2. Daði Már Guðmundarson, nemi,
Skógarbraut 3a, 400 Ísafjörður.
3. Jóhanna Stefánsdóttir, nemi,
Kjarrholt 7, 400 Ísafjörður.
4. Baldur Þ. Sigurlaugsson, ferðalangur,
Góuholt 5, 400 Ísafjörður.
5. Stefán Pálsson, smiður og nemi,
Sundstræti 32, 400 Ísafjörður.
6. Gunnlaugur Gunnlaugsson, afgr.maður
Aðalstræti 15, 400 Ísafjörður.
7. Valtýr Þórarinsson, nemi
Árholt 13, 400 Ísafjörður.
8. Brynjólfur Óli Árnason, bankastarfsmaður,
Vaðlar, 425 Flateyri.
9. Sara Rós Sigurðardóttir, nemi,
Sundstræti 28, 430 Suðureyri.
10. Arnar Friðrik Albertsson, stálsmiður,
Skipagata 16, 400 Ísafjörður.
11. Elín Sveinsdóttir, nemi,
Sundstræti 24, 400 Ísafjörður.
12. Guðmundur Jónsson, verslunarmaður,
Brekkgata 52, 470 Þingeyri.
13. Bergrós Elva Valsdóttir, nemi,
Hjallavegur 25, 430 Suðureyri.
14. Salvör Sæmundsdóttir, nemi,
Lyngholt, 471 Þingeyri.



ÍSAFJARÐARBÆR

Ísafirði, 10. maí 2010
Yfirkjörstjórn Ísafjarðarbæjar
Hildur Halldórsdóttir.
Kristján G. Jóhannsson,
Aðalbjörg Sigurðardóttir.



**Erla Kristín Birgisdóttir á
toppi Hvannadalshnjúks.**

Vestfirskar konur sigra hæsta tind landsins

Þrjár ísfirskar konur voru með-
al 109 manna gönguhóps sem
gekk upp á Hvannadalshnjúk
fyrir stuttu. „Þetta var hörkupúl
en vel þess virði. Við fengum
rosalega gott veður en fararstjóri
var Haraldur Örn Ólafsson pólfari
sem hefur farið margsinnis upp á
tindinn og hann sagðist aldrei
hafa séð annað eins útsýni og
veður eins og við fengum þarna.
Svo fengum við náttúrulega eld-
gos í kaupbæti,“ segir Ísfirðing-
urinn Erla Kristín Birgisdóttir,
ein göngukvennanna, en einnig
voru í hópnum Ísfirðingarnir
Guðrún Guðmundsdóttir og Hjör-
dís Hjartardóttir auk Bjarna Sól-
bergssonar frá Bolungarvík. Erla
Kristín var hluti af fimm manna
hóp frá Tryggingamiðstöðinni
sem lengi hefur undirbúið göng-
una.


„Við erum búin að æfa í allan
vetur en það þarf töluverða þjálf-
un til að geta haldið þetta út,“
segir Erla Kristín. Aðspurð hvað
sé næst á dagskrá segir Erla Krist-
ín að það sé óljóst, hún sé þó ekki
á því að fara leggja gönguskóna á
hilluna neitt í bráð. „Maður hættir
ekkert úr þessu. Ef maður getur
gengið upp á Hvannadalshnjúk
þá getur maður allt.“

Hvannadalshnjúkur er hæsti
tindur landsins 2111 metrar og
upp á hann liggja nokkrar mis-
munandi gönguleiðir. Allmargir
leggja í þessa krefjandi göngu ár
hvert en þær Halldóra Karlsdóttir
úr Hnífsdal og Agnes Ásgeirs-
dóttir frá Ísafirði gengu upp á
tindinn um 1. maí. „Þetta var
alveg ólýsanleg tilfinning, engu
öðru líkt,“ segir Agnes.

– thelma@bb.is



**Erla var hluti af fimm manna
hóp frá Tryggingamiðstöð-
inni sem lengi hefur undir-
búið gönguna.**



„Öðruvísi tónlist en fólk er vant frá mér“

Færeyska söngkonan og tónskáldið Eivør Pálsdóttir heldur tónleika í Edinborgarhúsinu á Ísafirði 25. maí í tilefni af útgáfu nýrrar breiðskífu. Er þetta í fyrsta sinn sem Eivør heldur tónleika fyrir vestan, en hún kom fram á tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður fyrir einhverjum árum. Þá var hún ein síns liðs en nú verður hún með band á bak við sig.

„Ég hlakka rosa mikið til að koma, það er svo langt síðan ég hef verið á Íslandi. Ég verð núna með bandið mitt sem eru þrír strákar. Stíllinn verður allt öðruvísi en fólk er vant frá mér. Hann er mun rokkaðri en hann var. Ég vil því undirbúa fólk

undir meiri læti en það er vant á mínum tónleikum.“

Eivør sér um söng, gítarleik og slagverk en Benjamin Petersen verður á rafgítar, Mikael Blak á rafbassa og kontrabassa og Hogni Lisbert á trommur og slagverk. Eivør vann plötuna með sveitinni og upptökustjóranum Jens L. Thomsen, en þau eru öll gamlir vinir og hafa verið nánir samstarfsmenn í gegnum árin.

Nýja breiðskífan er sjöunda hljóðversplatan sem Eivør sendir frá sér og ber heitið Larva, sem myndi útleggjast á íslensku sem Lirfa. „Mér fannst nafnið passa svo vel við þær breytingar sem orðið hafa á tónlistinni

minni, ég er búin að fjarlægast fólkstónlistina og er komin nær rokkinu.“

Ekki er platan þó eingöngu rokkuð því á henni má greina ýmis áhrif m.a. frá indítónlist, poppi, teknó, og klassískri tónlist. Á plötunni koma fram auk sveitarinnar íslenska strengja-sveitin Caput, færeyski kórinn Mpiri og barnakór frá Gøta, heimabæ Eivorar.

Fallegur staður og gott fólk

– Eivør sló í gegn er hún kom fram á tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður og á því án efa marga aðdáendur á Vestfjörð-

um sem bíða spennitir eftir tónleikunum.

„Það eru nokkur ár síðan ég spilaði á Aldrei fór ég suður og ég hlakka rosa mikið til að koma aftur. Mér fannst staðurinn svo fallegur og fólkið gott.“

Mikið annríki hefur verið hjá söngkonunni að undanfögnu, bæði við upptökur á plötunni og kynningu hennar.

„Ég er búin að vera að túra á fullu bæði í Danmörku og Nor-egi. Svo ætla ég að stoppa aðeins á Íslandi, auk Ísafjarðar verð ég að spila á Græna hattinum á Akureyri og Íslensku óperunni í Reykjavík. Eftir það fer ég til Kanada. Það er alltaf svo gaman að fara út að spila þegar maður

er búinn að vera í stúdói og taka upp plötu, það er skemmtilegasti tíminn.“

Eivør hefur frá barnsaldri verið viðriðin tónlist en þess má geta að hún vann færeyska söngvakeppni aðeins þrettán ára að aldri. Tveimur árum eftir að fyrsta tónskífa hennar kom út fór hún til Reykjavíkur í tónlistarnám og varð aðalsöngvari íslensku jasshljómsveitarinnar Yggdrasils sem gaf út sína fyrstu tónskífu það ár. Eivør hlaut íslensku leiklistarverðlaunin Grímu árið 2005 fyrir tónverk og flutning í verkinu Úlfhamssögu. Hún hefur því rík tengsl við Ísland.

– thelma@bb.is

Grafinn silungur með sósu

„Já, á eftir bræðrunum á Dynj-
anda kemur nú litla systir þeirra
með uppskrift. Ég tek þessari
áskorun sem hrósi fyrir það sem
ég hef gefið þeim að borða!

Ég er nú samt ekki þekkt fyrir
mikla hæfileika í eldhúsinu, þeg-
ar e.h mikið stendur til hringi ég
alltaf í góða vinkonu. Þar sem
sumarið er komið og hugurinn
kominn vestur þá er einnig
kominn tími til að borða silung
því bleikan fisk borða ég aðeins
á sumrin í Leirufirði, steiktan á
pönnu með stráskyri eða grillað-
an. Langbest finnst mér þó að
grafa silunginn. Ég ætla að gefa
lesendum BB mjög auðveld upp-
skrift að gröfnum silungi og sósu.“

Grafinn silungur

Silungurinn er flakaður og
beinhreinsaður, hunangi er smurt
á flökin og graflaxblöndu frá
Pottagöldrum stráð yfir. Flökin
eru síðan geymd á köldum stað í
tvo til þrjá sólarhringa. Einnig er
hægt að gera sína eigin krydd-

blöndu, hér er uppskrift frá
vinkonunni góðu:

Graflax- eða silungakryddblanda

- 5 msk sykur
- 6 msk salt
- 1 msk pipar
- ½ msk múskat
- 6 msk dill
- 6 msk dillfræ



Best er að gera graflaxsósuna
daginn áður en fiskurinn er til-
búinn.

Graflax- eða silungasósa

- 2 msk majones
- 2 msk sýrður rjómi
- 2 msk sýróp
- Slurkur af sætu sinnepi, slatti
af dilli, salt, pipar, og einn dropi
af sósulit.

Öllu hrært saman og smakkað
til.

Silungurinn grafni er borðaður
einn og sér eða með ristugu
brauði og sósu, það smakkast
enn betur brauðið ef það er ristað
á gasgrillinu. Þar sem grafni sil-
ungurinn er svo rosalega góður
þá er hann bæði í for- og aðalrétt.
En eftirrétturinn er einnig auð-
veldur og á vel við hvort sem er

eftir silunginn eða með sunnu-
dagskaffinu. Það er þó bráðnað-
synlegt að hafa þeyttan rjóma
með kökunni.

Hjonabandssæla með kanil

- 200 g haframjöl
- 200 g hveiti
- 150 g púðursykur
- 2 tsk lyftiduft
- 1 tsk kanill



Sælkeri vikunnar er Lydía Ósk Óskarsdóttir frá Ísafirði.

240 g lint smjör

ofaná. Þetta er bakað í 20-25
mín. við 170°C. og munið, best
volg með þeyttum rjóma. Verði
ykkur að góðu!

Öllu blandað saman og hnoð-
að. Þrír fjórðu af deiginu er sett í
eldfastform. Rabarbara- eða aðal-
bláberjasulta úr restinni af aðal-
bláberjunum sem Einar Rósi
týndi í Leirufirði er sett yfir. Síð-
an er restinni af deiginu sáldrað

Ég skora á vinkonuna mína
góðu Elínu Ólafsdóttur á Ísafirði
að gefa eina af sínum snilldar
uppskriftum.



Eyrún Leifsdóttir og Brynhildur Halldórsdóttir sjá um vinnustofuna á Hlíf.

Fjölbreytt og faglegt handverk á Hlíf

Margir lögðu leið sína á hand-
verkssýningu eldri borgara sem
haldin var á Hlíf á uppstigning-
ardag. „Sýningin heppnaðist
rosalega vel,“ segir Brynhildur
Halldórsdóttir forstöðumaður
vinnustofu Hlífar. Sýndir voru
munir sem unnir hafa verið af
eldri borgurum og starfið kynnt.
Þá var þar söluborð með munum
sem unnir hafa verið í dagdeild
og Kaffi og til sölu í borðsal til
styrktar félagsstarfi á Hlíf. Að
sögn Brynhildar seldist vel af því.
Um er að ræða árvíssa sýningu
en í þetta sinn var hún einnig
haldin í tilefni af opnun nýrrar
vinnustofu og dagdeildar á Hlíf.
„Við erum flutt upp í nýtt hús-
næði, frá kjallaranum upp á 4.

hæð. Þar er mikið betri aðstaða
og nú eru jafnvel að koma til
okkar konur sem gátu ekki verið
í kjallaranum því þær þöldu ekki
loftið þar.“
Meirihluti þeirra sem sækja
dagdeildina eru íbúar á Hlíf en
öllum eldri borgurum er fjálst
að koma.
„Við viljum hvetja konur og
karlmenn að koma, það er í minna
lagi sem komið er utan úr bæ
einhverra hluta vegna. Við mynd-
um gjarnan vilja sjá fleiri hjá
okkur.“
Eins og sjá mátti á sýningunni
er úrvalið sem unnið er á vinnu-
stofunni mjög fjölbreytt.
„Við höfum fengið að heyra
að þetta sé mjög fjölbreytt hjá

okkur, allt frá postulíni og kera-
mik í að mála á dúka. Við reynum
að koma til móts við hvern og
einn um hvað hann vill gera og
fær hann aðstoð og kennslu við
það.“
Handbragðið á mununum er
mjög faglegt en aðspurð hvort
þetta séu eingöngu konur sem
unnið handverk alla sína ævi seg-
ir Brynhildur svo alls ekki vera.
„Ekkert endilega, það eru að
koma til okkar konur sem hafa
aldrei unnið neitt svona í höndun-
um, fyrir utan þetta hefðbundna
eins og að þrjóna og hekla.“
Deildin er opin alla daga vik-
unnar frá kl. 10-16:30 og á föstu-
dögum er opið til kl. 15.
– thelma@bb.is



Svíf þú inn í svefninn



RÚM

RB-rúm Dalshrauni 8 220 Hafnarfjörður
Sími 555 0397 rum@rbrum.is www.rbrum.is